

# STARFSLEYFISSKILYRÐI FYRIR efnistöku

**Borgarverk ehf.**  
**Efnistökusvæði E70 - Tungnaáreyrar**  
**851 Hella**  
**kt. 5406740279**

*Samræmd starfsleyfisskilyrði vegna mengunarvarna, sbr. 8. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit, með síðari breytingum.*

## 1. ALMENN ÁKVÆÐI OG GILDISSVIÐ

		Rgl.nr.
1.1	Starfsleyfisskilyrði þessi gilda fyrir vinnslu efnis, þ.m.t. hörpun, allt að 40.000 m <sup>3</sup> af steypu- og fyllingarefni á afmörkuðu 2,4 ha svæði innan efnistökusvæðis E70 á Tungnaáreyrum í Rangárþingi ytra.	550/2018 5. gr.
1.2	Ef starfsleyfishafi er með annan starfsleyfisskyldan rekstur samhliða gilda um hann viðeigandi starfsleyfisskilyrði.	550/2018 5. gr.
1.3	Starfsleyfishafi skal tryggja að starfsemin sé í samræmi við gildandi skipulag og samþykktu notkun fasteigna. Jafnframt skal starfsleyfishafi sjá til þess að farið sé að öllum skilyrðum sem fram koma í niðurstöðum umhverfismats, hafi það farið fram, fyrir mælum í framkvæmdaleyfi viðkomandi bæjar- eða sveitarstjórnar og ákvæðum starfsleyfisskilyrða þessa við frágang efnistökusvæðis.	550/2018 6. gr.
1.4	Starfsleyfishafi skal veita heilbrigðiseftirliti upplýsingar um fyrirhugaðar breytingar á starfseminni með góðum fyrirfara áður en í þær er ráðist. Sé um að ræða meiriháttar breytingu á rekstrinum eða breytingu sem gæti leitt til aukinnar mengunar að mati heilbrigðiseftirlits, ber starfsleyfishafa að sækja um starfsleyfi að nýju.	550/2018 13. gr.

1.5	Tilkynna skal heilbrigðiseftirliti ef starfsemi er lögð niður eða eigendaskipti verða. Starfsleyfishafa er jafnframt skylt að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að fyrirbyggja mengun ef rekstur er stöðvaður tímabundið og koma athafnasvæði rekstraraðila í viðunandi horf, að mati heilbrigðiseftirlits, ef rekstur er endanlega stöðvaður og starfsemin lögð niður.	550/2018
1.6	Starfsleyfishafi skal tilnefna sérstakan ábyrgðarmann fyrir umhverfismálum gagnvart heilbrigðiseftirliti.	550/2018 8. gr.
1.7	Starfsleyfishafi hefur eigið eftirlit og skráningu þar sem kemur m.a.: <ul style="list-style-type: none"> <li>• Fjöldi efnistökuastaða, hnúsett staðsetning, efnistegund og vinnslumagn.</li> <li>• Upplýsingar um nöfn verktaka sem stunda efnistöku í námum sem starfsleyfið nær til.</li> <li>• Fjöldi olútanka, olíuáfyllingarsvæða, olíuskilja, magn olíuefna og rýrnun.</li> <li>• Atvik er varða mengunarvarnir rekstraraðila s.s. rekstur og viðhald á mengunarvarnabúnaði, bilanir, mengunaróhöpp og kvartanir m.t.t. umhverfismála.</li> <li>• Notkun, flutning og förgun spilliefna, sbr. reglugerð um spilliefni nr. 806/1999.</li> <li>• Magn olíusora og sands í olíuskiljum, mælt við reglulegt eftirlit, dagsetningar tæminga, magn og nafn dæluaðila.</li> </ul> Heilbrigðisfulltrúar skulu hafa aðgang að ofangreindum skráningum.	550/2018, 8. gr. og 57. gr.

## 2. MENGUNARVARNIR

		Rgl.nr.	Uppfyllt
2.1	Olíuáfyllingar og olíuskripti á þungavinnuvélum skulu eingöngu fara fram á olíuheldu áfyllingsplani með frárennsli sem leitt er í olíuskilju. Heilbrigðiseftirlit getur ef aðstæður leyfa samþykkt annan búnað sem uppfyllir markmið um ásættanlegar mengunarvarnir.	884/2017 og rgl. nr. 550/2018	
2.2	Gæta skal ítrustu varúðar við meðferð olíu og við olíuáfyllingar. Ísogsbúnaður og/eða ísogsefni skal hafa til taks og nota ef spilliefni hellast niður. Verði vart við olíuleka skal strax brugðist við, mengaður jarðvegur fjarlægður og heilbrigðiseftirliti tilkynnt um atburðinn. Fari niður meiri olía en svo að starfsmenn ráði við að fjarlægja hana strax, skal slökkviliði þegar gert viðvart í neyðarsíma 112. Um ábyrgð á umhverfistjóni af völdum atvinnustarfsemi eða yfirvofandi hættu á slíku tjóni gilda lög um umhverfisábyrgð.	884/2017 59. gr., rgl. nr. 550/2018 55. gr., lög nr. 75/2000 og lög nr. 55/2012	

2.3	Allt frárennsli sem getur verið mengað af olíuefnum skal leitt í olíuskilju. Olíuskiljur skulu tæmdar eftir þörfum, þó eigi sjaldnar en einu sinni á ári, og olíusora skilað til móttökustöðvar fyrir slíkan úrgang.	884/2017	
2.4	Olíutankar skulu ávallt vera í þróum eða staðsettir á öruggan hátt á olíuheldu plani með afrennsli í samþykktu olíuskilju. Olíutankar skulu búnir yfirfyllingarviðvörðun eða yfirfyllingarvörn. Tryggt skal að olía renni ekki út í umhverfið þó lagnir bresti. Afla þarf samþykkis byggingafulltrúa og heilbrigðiseftirlits fyrir, staðsetningu, stærð og frágangi olíutanka. Sama gildir um frágang á áfyllingsplani og olíuskilju. Olíubirgðatankar stærri en 10.000 lítra þurfa sér úttekt Umhverfisstofnunar.	884/2017	
2.5	Diselrafstöðvar skulu staðsettar innandyra og með öruggri lekavörn.	884/2017	
2.6	Ekki skal geyma meira en nauðsynlegt er vegna skammtímanotkunar af smurolíum á svæðinu.	550/2018 og rgl. nr. 884/2017	
2.7	Úrgangsolía, notaðar olíusíur og rafgeymar eru spilliefni sem á að fara með í viðurkennda förgun. Geymsla á þessum efnum ásamt málningu, málningarafgöngum og smurolíum og smurfeiti skal vera á öruggum stað innan dyra.	806/1999 5. gr.	
2.8	Fyrir olíubirgðatanka og lagnir gilda ákvæði reglugerðar um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi nr. 884/2017, með síðari breytingum.	884/2017	
2.9	Verktakar skulu ekki geyma olíubirgðir á efnistökusvæðum eftir að vinnslu er lokið.	550/2018 8. gr.	

### 3. AÐKOMA OG FRÁGANGUR

		Rgl.nr.	Uppfyllt
3.1	Yfirbragð efnistökusvæðis skal vera snyrtilegt og uppfylla almenn öryggissjónarmið.	803/2023 og rgl. nr. 550/2018	
3.2	Við efnistöku og frágang skal fylgja leiðbeiningunum: Námur – efnistaka og frágangur, sem umhverfisráðuneyti o.fl. aðilar gáfu út árið 2002	550/2018	
3.3	Flytja skal allan úrgang sem fellur til við starfsemina jafnóðum frá námusvæðum og koma í viðurkennda förgun. Öll brennsla og urðun úrgangs er bönnuð á námusvæðum.	803/2023 9. gr.	

3.4	Starfsleyfishafi skal sjá til þess að fjarlægður sé jafnóðum allur búnaður og hlutir sem kunna að berast inn á svæðið og eru rekstrinum óviðkomandi.	803/2023 9. gr.	
3.5	Þess skal gætt að starfsemin valdi ekki öðrum óþarfa ónæði eða hávaða og að fokgjörn jarðefni valdi ekki skaða eða röskun á umhverfi utan vinnslusvæðis. Ef þörf er á skal skerma jarðefni af.	724/2008 og rgl. nr. 787/1999	
3.6	Þungavinnutæki skulu ávallt hafa gild skoðunarskírteini. Eingöngu brýnustu viðgerðir til að forða tjóni eða umhverfismengun mega fara fram á svæðinu. Tæki skulu að jafnaði flutt af svæðinu til viðgerða.	8/2009	
3.7	Hvergi skulu á efnistökusvæðinu myndast óþarfa tjarnir. Ef hætta er á að ár og lækir mengist skal grípa til viðeigandi ráðstafana, t.d. með því að leiða vatnið í gegnum settjarnir eða síubeð, eða aðra hreinsun sem heilbrigðiseftirlit telur þörf á.	796/1999	
3.8	Mengist jarðvegur vegna starfseminnar er starfsleyfishafi ábyrgur fyrir því að jarðvegurinn sé fjarlægður og/eða meðhöndlaður í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 1400/2020 um mengaðan jarðveg.	884/2017 rgl. nr. 1040/2016 3. gr. og rgl. nr. 1400/2020	
3.9	Fráveituvatn frá eldunar- og salernisaðstöðu skal leiða í safntank, rotþró eða fráveitukerfi sveitarfélags.	798/1999 5. gr.	
3.10	Fylgja þarf reglum Vinnueftirlits ríkisins varðandi meðferð og geymslu sprengiefnis.	510/2018	

**Starfsleyfisskilyrðin eiga sér m.a. stoð í eftirfarandi lögum og reglugerðum með síðari breytingum:**

Lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, lögum nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, lögum nr. 75/2003 um brunavarnir, lögum nr. 55/0212 um umhverfisábyrgð, reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit, reglugerð nr. 803/2023 um meðhöndlun úrgangs, reglugerð nr. 806/1999 um spilliefni, reglugerð nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi, reglugerð nr. 8/2009 um skoðun ökutækja, reglugerð nr. 1400/2020 um mengaðan jarðveg og reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp.

Selfossi, xx.xxx 20xx

F.h. Heilbrigðiseftirlits Suðurlands,

---

 XYZ,  
heilbrigðisfulltrúi